



Ársreikningur 2008

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Kt. 580804-2410

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3	Eiginfjáryfirlit	7
Áritun óháðs endurskoðanda	4	Sjóðstreymisyfirlit	8
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	9
Efnahagsreikningur	6		



Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Almennt

Landsnet hf. var stofnað í ágúst 2004 á grundvelli raforkulaga sem Alþingi samþykkti á vormánuðum 2003. Hlutverk Landsnets hf. er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga nr. 65/2003.

Rekstur ársins 2008

Tap varð af rekstri félagsins á árinu 2008 að fjárhæð 12,8 milljarðar kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í árslok nam 7,3 milljörðum kr. að meðtöldu hlutfé að fjárhæð 5,9 milljarðar kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til eiginfjárfirlits í ársreikningnum varðandi aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn félagsins ákvað að nýta sér heimild í alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 16 um að færa upp varanlega rekstrarfjármuni samkvæmt endurmatsaðferð. Endurmatið er grundvallað á væntu sjóðsflæði til framtíðar auk þess sem litið er til áætlaðs endurbyggingarvirði að teknu tilliti til líftíma. Niðurstaða endurmatsins er að bókfært verð flutningskerfis félagsins hækkar um 17,7 milljarða kr. Áhrif endurmatsins á eigið fé eru að það hækkar um 15,1 milljarð kr. þegar búið er að taka tilliti til áhrifa tekjuskatts. Vísað er til eiginfjárfirlits í ársreikningnum varðandi aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Hlutfé og samþykktir

Hlutfé í árslok 2008 skiptist á fjóra hluthafa en þeir eru:

	Eignarhlutur
Landsvirkjun	64,73%
Rarik ohf.	22,51%
Orkuveita Reykjavíkur	6,78%
Orkubú Vestfjarða ohf.	5,98%

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra


Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og framkvæmdastjórnar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2008 og rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2008.

Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.


Stjórn og forstjóri Landsnets hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Reykjavík, 3. mars 2009.

Stjórn:



Forstjóri



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Landsnets hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landsnets hf. fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati okkar, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2008, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 3. mars 2009.

KPMG hf.



Rekstrarreikningur ársins 2008

	Skýr.	2008	2007
Rekstrartekjur:			
Tekjur af raforkuflutningi	6	10.743.814	6.880.030
Aðrar tekjur	7	108.897	83.179
		10.852.711	6.963.209
Rekstrargjöld:			
Orkukaup og kerfisþjónusta		1.550.607	1.313.717
Rekstur flutningskerfis		2.831.349	2.150.113
Kerfisstjórn		575.815	560.682
Annar rekstrarkostnaður		728.452	662.525
		5.686.223	4.687.037
Rekstrarhagnaður		5.166.488	2.276.172
Fjármunatekjur		1.192.368	46.055
Fjármagnsgjöld		(21.355.997)	(3.290.526)
Hrein fjármagnsgjöld	10	(20.163.629)	(3.244.471)
Áhrif hlutdeildarfélags	13	7.237	(5.405)
Tap fyrir tekjuskatt		(14.989.904)	(973.704)
Tekjuskattur	11	2.210.258	175.252
Tap ársins		(12.779.646)	(798.452)
Tap á hlut:			
Grunntap – þynnt tap á hverja krónu hlutfjár	19	(2,17)	(0,14)

Skýringar nr. 1 til 30 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

Eignir		Skýr.	2008	2007
Eignir				
Fastafjármunir í rekstri	12		61.405.502	44.236.105
Flutningsvirki í byggingu	12		1.781.611	1.506.006
Óefnislegar eignir	12		1.716.814	551.603
Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum	13		48.832	41.595
Skatteign	14		0	229.363
Fastafjármunir			64.952.759	46.564.672
 Birgðir	 15		 480.439	 302.331
Afleiðusamningar			0	369.732
Kröfur á tengd félög			396.605	354.589
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	16		853.021	725.283
Handbært fé	17		2.700.681	984.259
Veltufjármunir			4.430.746	2.736.194
Eignir samtals			69.383.505	49.300.866
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé				
Hlutafé			5.902.733	5.902.733
Endurmatsreikningur			14.743.274	0
Ójafnað tap			(13.371.242)	(916.179)
Eigið fé	18		7.274.765	4.986.554
Skuldir				
Skuldir við tengd félög	20		34.808.942	29.915.095
Skuldir við lánastofnanir	20		6.676.851	3.238.789
Afleiðusamningar	22		2.954.197	215.108
Tekjuskattsskuldbinding	14		219.412	0
Aðrar skuldbindingar	21		475.723	447.154
Langtímaskuldir og skuldbindingar			45.135.125	33.816.146
 Skuldir við tengd félög			 15.813.603	 6.034.415
Afleiðusamningar	22		37.428	150.539
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	24		1.122.584	4.313.212
Skammtímaskuldir			16.973.615	10.498.166
Skuldir samtals			62.108.740	44.314.312
Eigið fé og skuldir samtals			69.383.505	49.300.866

Skýringar nr. 1 til 30 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

Eiginfjáryfirlit ársins 2008

	Hlutfé	Endurmats- reikningur	Ójafnað tap	Samtals
Árið 2007:				
Eigið fé 1. janúar 2007.....	5.902.733	0	(117.727)	5.785.006
Tap ársins.....			(798.452)	(798.452)
Eigið fé 31. desember 2007.....	5.902.733	0	(916.179)	4.986.554
 Árið 2008:				
Eigið fé 1. janúar 2008.....	5.902.733	0	(916.179)	4.986.554
Endurmat flutningskerfis		17.726.890		17.726.890
Tekjuskattsáhrif af heildarendurmati.....		(2.659.033)		(2.659.033)
Tap ársins.....			(12.779.646)	(12.779.646)
Afskriftir af endurmati færðar á ójafnað tap.....		(324.583)	324.583	
Heildarhagnaður ársins.....		14.743.274	(12.455.063)	2.288.211
Eigið fé 31. desember 2008.....	5.902.733	14.743.274	(13.371.242)	7.274.765

Skýringar nr. 1 til 30 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2008

	Skýr.	2008	2007
Rekstrarhreyfingar:			
Innborganir frá viðskiptavinum		10.683.265	6.502.694
Greiddur rekstrarkostnaður	(3.839.947)	(3.369.208)
Handbært fé frá rekstri án vaxta		6.843.318	3.133.486
Innborgaðar vaxtatekjur		118.478	32.280
Greidd vaxtagjöld og gengismunur	(1.201.543)	(1.078.966)
Handbært fé frá rekstri		<u>5.760.253</u>	<u>2.086.800</u>
Fjárfestingahreyfingar:			
Fjárfesting í fastafjármunum í rekstri	12 (1.304.077)	(5.996.104)
Söluverð fastafjármuna í rekstri	12	700	4.345
Fjárfesting í flutningsvirkjum í byggingu	12 (275.605)	(385.379)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	12 (1.204.552)	(355.638)
Keyptur eignarhlutur í hlutdeildarfélagi		0	(15.000)
Ógreiddur framkvæmdakostnaður, hækkun		130.757	57.175
Fjárfestingahreyfingar		<u>(2.652.777)</u>	<u>(6.690.601)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Skuldir við tengd félög, breyting		3.019.900	(1.068.290)
Tekin langtímalán		0	3.033.654
Skammtímalán, breyting	(4.891.728)	3.320.614
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(1.871.828)</u>	<u>5.285.978</u>
Hækkun á handbæru fé		1.235.648	682.177
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		480.774	(5.731)
Handbært fé í ársbyrjun		984.259	307.813
Handbært fé í árslok		<u>2.700.681</u>	<u>984.259</u>
Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa:			
Fjárfesting í flutningsmannvirkjum		0	(400.000)
Útgefið nýtt hlutafé		0	400.000

Skýringar nr. 1 til 30 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

Efnisyfirlit skýringa

	bls.		bls.
1. Félagið	10	16. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	26
2. Grundvöllur reikningsskilanna	10	17. Handbært fé	26
3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir	11	18. Eigið fé	26
4. Ákvörðun gangvirðis	18	19. Tap á hlut	26
5. Stýring fjármálalegrar áhættu	19	20. Vaxtaberandi skuldir	27
6. Rekstrartekjur	20	21. Skuldbinding vegna niðurrifs	28
7. Aðrar tekjur	21	22. Afleiðusamningar	28
8. Laun og launatengd gjöld	21	23. Lífeyrisskuldbinding	28
9. Afskriftir	21	24. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	28
10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	22	25. Fjármálagerningar	29
11. Tekjuskattur	22	26. Fjáreignir og fjárskuldir	33
12. Rekstrarfjármunir	23	27. Rekstrarleiga	33
13. Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélagum	25	28. Aðrar upplýsingar	34
14. Reiknuð skatteign/tekjuskattsskuldb.	25	29. Tengdir aðilar	34
15. Birgðir	26	30. Kennitölur	35

Skýringar

1. Félagið

Landsnet hf. er með starfstöðvar sínar á Íslandi og er félagið með lögheimili að Gylfaflöt 9, Reykjavík. Félagið er dótturfélag Landsvirkjunar (64,73%). Félagið var stofnað á árinu 2004 á grundvelli raforkulaga sem Alþingi samþykkti á vormánuðum 2003. Hlutverk þess er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003, og er því óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn 3. mars 2009.

Þeim reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir þau tímabil sem þessi ársreikningur nær til.

b. Grundvöllur matsaðferða

Reikningsskil félagsins byggjast á kostnaðarverði, að því undanskildu að afleiðusamningar eru færðir á gangvirði og flutningsnet félagsins er fært til eignar á endurmetnu virði. Fjallað er um mat á gangvirði í skýringu 4.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

d. Mat og áætlanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þessar eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýring nr. 3c - fastafjármunir í rekstri
- Skýring nr. 3d - óefnislegar eignir
- Skýring nr. 3m (i) - mat skuldbindingar vegna niðurrifskostnaður
- Skýring nr. 14 - tekjuskattur

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum að því undanskildu að félagið hefur frá og með 1. janúar 2008 fært flutningsnet sitt skv. endurmatsaðferð til samræmis við heimild í alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 16. Þannig eru línur og tengivirki félagsins skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum sem er gangvirði þeirra á endurmatstegi að frádregnum endurmetnum afskriftum frá þeim tíma sem eigna var aflað. Nánar er fjallað um reikningsskilaaðferðir vegna endurmats í skýringu 3c.

a. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur sem þannig myndast er færður í rekstrarreikning.

b. Fjármálagerningar

(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiðusamningar

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í eignarhlutum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Fjármálagerningar eru færðir í ársreikning þegar félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagerninga. Fjáreignir eru felldar út úr ársreikningi ef samningsbundinn réttur félagsins að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða félagið yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi á þeim felst. Bókhaldsskráning hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi sem félagið skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárskuldir eru felldar út úr ársreikningi ef skuldbindingar félagsins sem skilgreindar eru í samningi eru greiddar, falla úr gildi, er vísað frá eða þeim er aflétt.

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Í skýringu 3(o) er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Fjármálagerningur er flokkaður sem fjáreign eða fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning sé hann veltufjáreign eða veltufjárskuld eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

Aðrir fjármálagerningar

Aðrir fjármálagerningar, sem ekki teljast afleiðusamningar, eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrymun þegar við á.

(ii) Afleiðusamningar

Félagið notar afleiðusamninga til að verja sig gegn gjaldmiðla- og vaxtaáhættu.

Félagið hefur gert gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga í þeim tilgangi að stýra gengis- og vaxtaáhættu félagsins. Áhættuvarareikningsskilum er ekki beitt. Gangvirðisbreytingar af slíkum afleiðum eru færðar meðal hreinna tekna og gjalda af fjáreignum og fjárskuldum í rekstrarreikningi.

(iii) Hlutfé

Hlutfé er flokkað sem eigið fé.

c. Rekstrarfjármunir

(i) Fastafjármunir í rekstri

Fastafjármunir í rekstri aðrir en línur og tengivirki eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrymun.

Kostnaðarverð rekstrarfjármuna felur í sér beinan kostnað við öflun viðkomandi eigna. Kostnaðarverð eigna sem félagið hefur sjálft skapað innifelur efniskostnað, beinan launakostnað og annan beinan kostnað við að koma eignunum í tekjuöflunarhæft ástand með hliðsjón af væntri notkun þeirra. Jafnframt er við ákvörðun kostnaðarverðs tekið tillit til áætlaðs kostnaðar við niðurlagningu eignanna og kostnaðar sem kann að falla til við lagfæringu á þeim stað þar sem eignirnar voru staðsettar.

Þegar einstakir hlutir rekstrarfjármunar hafa ólíkan nýtingartíma, þá eru þeir aðgreindir í bókhaldi og færðir sérstaklega.

Í samræmi við heimild í alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 16 eru línur og tengivirki félagsins færð samkvæmt endurmatsaðferð (e. revaluation method). Þannig eru línur og tengivirki félagsins skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádregnum endurmetnum afskriftum frá þeim tíma sem eigna var aflað. Endurmat þessara eigna mun verða framkvæmt með reglubundnum hætti og þegar stjórnendur meta það að verulegar breytingar hafi orðið á gangvirði eignanna m.a vegna utanaðkomandi þátta. Allar verðmatshækkningar vegna þessa endurmats eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Við sölu eða niðurlagningu eignar er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Skýringar, frh.:

(ii) Flutningsvirki í byggingu

Flutningsvirki í byggingu eru færð til eignar á því verði sem svarar til aðkeyprar þjónustu, efnis, beins launakostnaðar og annars beins kostnaðar. Eignir sem ekki hafa verið teknar í notkun eru ekki afskrifaðar. Fjármagnskostnaður vegna fjármögnunar á kostnaðarverði flutningsvirkja í byggingu er eignfærður á byggingartíma og talinn hluti af kostnaðarverði eignarinnar. Eignfærður fjármagnskostnaður er veginn meðalfjármagnskostnaður félagsins.

(iii) Leigðar eignir

Leigusamningar félagsins eru rekstrarleigusamningar og eru leigðar eignir ekki færðar í efnahagsreikning félagsins.

(iv) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(v) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Tengivirki	20–40 ár
Háspennulínur	50 ár
Fasteignir	50 ár
Skrifstofuáhöld, tæki og aðrar eignir	4–10 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi.

d. Óefnislegar eignir

(i) Undirbúningskostnaður

Útlagður kostnaður við almennar rannsóknir er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til. Undirbúningskostnaður er eignfærður meðal fastafjármuna. Hér er aðallega um að ræða kostnað vegna kannana á línustæðum, undirbúnings lagningar flutningsmannvirkja og kostnað tengdan vinnu við umhverfismat vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Félagið hefur samið um að verði ekki af framkvæmdum, beri væntanlegir raforkukaupendur útlagðan kostnað vegna þessarar vinnu. Ekki er eignfærður fjármagnskostnaður vegna undirbúningskostnaðar. Kostnaður er ekki afskrifaður á þessu stigi heldur hefur verið tekið tillit til mögulegrar virðisrýmunar eins og fram kemur í lið i.

Þegar ákvörðun um lagningu flutningsmannvirkis hefur verið tekin og öll tilskilin leyfi hafa fengist, er undirbúningskostnaður vegna flutningsmannvirkisins eignfærður meðal varanlegra rekstrarfjármuna sem flutningsmannvirki í byggingu.

(ii) Hugbúnaður og aðrar óefnislegar eignir

Hugbúnaður og aðrar óefnislegar eignir eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýmun.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma þeirra. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Hugbúnaður	4 ár
------------------	------

e. Eignarhlutur í dótturfélagi

Félagið á eitt dótturfélag, Landsnet ehf. Ekki er gerður samstæðureikningur og er eignarhluturinn er færður á upphaflegu kostnaðarverði. Engin starfsemi hefur verið í dótturfélaginu frá stofnun.

f. Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi

Hlutdeildarfélag er félag þar sem félagið hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar félagið ræður 20–50% atkvæðisréttar. Hlutdeildarfélag er fært í ársreikningnum með hlutdeildaraðferð og er í upphafi fært á kostnaðarverði. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild í afkomu og eiginfjárhreyfingum hlutdeildarfélags frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

g. Birgðir

Rekstrarvöru- og varahlutabirgðir eru færðar á kostnaðarverði að teknu tilliti til úreltra og ónýtra birgða. Kostnaður við birgðir er byggður á „fyrst inn–fyrst út“ reglunni (FIFO) við birgðamat og tekur til kostnaðar sem stofnað hefur verið til við kaup birgðanna og við að koma þeim á staðinn og í notkunarhæft ástand.

h. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru færðar á kostnaðarverði að fráreginni virðisrýmun.

i. Virðisrýrnun

(i) Fjáreignir

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign telst vera virðisrýrð ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af viðkomandi eign verði lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti hins vegar.

Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega hver um sig með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum.

Virðisrýrnun fjáreigna er færð í rekstrarreikning.

Skýringar, frh.:

(ii) *Aðrar eignir*

Bókfært verð annarra eigna, að undanskildum birgðum og reiknaðri skatteign, er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýmun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Virðisrýmun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópum eigna. Virðisrýmun er gjaldfærð í rekstrarreikningi en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna sem tilheyra einingunni. Virðisrýmun endurmats eigna er færð yfir eigið fé til lækkunar á endurmatsreikningi.

j. *Hlunnindi starfsmanna*

(i) *Iðgjaldatengd lífeyriskerfi*

Félagið greiðir iðgjöld vegna starfsmanna sinna til sjálfstæðra iðgjaldatengdra lífeyrissjóða. Félagið ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna. Iðgjöldin eru gjaldfærð í rekstrarreikningi meðal launa og launatengdra gjalda eftir því sem þau falla til.

(ii) *Réttindatengd lífeyriskerfi*

Samkvæmt samningi félagsins við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR) skulu skuldbindingar vegna starfsmanna félagsins sem eiga aðild að LSR gerðar upp árlega. LSR metur sérstaklega í árslok núvirta áfallna lífeyrisskuldbindingu sem myndast hefur á því ári og dregur frá útreiknaðri fjárhæð iðgjöld sem starfsmenn og félagið hafa greitt sjóðnum vegna áunninna réttinda á árinu. Mismunurinn er gjaldfærður í rekstrarreikningi og greiddur árlega. Tryggingafræðilegt mat skal miðað við að áfallin skuldbinding vegna ársins sé reiknuð til núvirðis í árslok með þeim ársvöxtum, sem almennt eru notaðir við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða, nú 3,5%.

k. *Hlutfé*

Þegar hlutir sem flokkaðir eru sem eigið fé eru keyptir er fjárhæð kaupverðsins, að meðtöldum beinum kostnaði, færð sem breyting á eigin fé. Kaup á eigin bréfum eru færð sem eigin hlutir og færðir til lækkunar á heildar eigin fé.

l. *Skuldbindingar*

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar félaginu ber lagaleg skylda eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarfjárflæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

(i) *Niðurrifskostnaður*

Félagið hefur áætlað kostnað við niðurrif núverandi línustæða. Áætlunin byggist á mati sérfróðra aðila. Niðurrifskostnaðurinn hefur verið núvirtur miðað við áætlaðan líftíma háspennulína félagsins og núvirt fjárhæð færð annars vegar til lækkunar á viðkomandi eign og hins vegar sem skuldbinding í efnahagsreikningi. Áætlaður niðurrifskostnaður er núvirtur með nafnvöxtum ríkistryggðra verðbréfa, um 9%.

m. *Tekjur*

Tekjur vegna flutnings raforku eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu orkunnar á tímabilinu. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu vöru eða þjónustu.

Gjaldskrá félagsins er háð umsögn Orkustofnunar. Á grundvelli 12. gr. raforkulaga nr. 65/2003 setur Orkustofnun félaginu árlega tekjumörk vegna kostnaðar við flutning raforku til dreifiveitna annars vegar og vegna flutnings til stórnótenda hins vegar. Heimiluð arðsemi félagsins af flutningi til dreifiveita miðaðist við helming fimm ára nafnkröfu ríkisbréfa fyrir árið 2005 samkvæmt lögnum en skal fara stighækkandi þangað til fullri arðsemi er náð fimm árum frá stofnun Landsnets. Lögin heimila fulla arðsemi af flutningi til stórnótenda frá stofnun félagsins.

Gjaldskrá félagsins er tvískipt annars vegar í íslenskum krónum (ISK) og hins vegar í bandarískum dollurum (USD).

n. *Leigugreiðslur*

Leigugreiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru færðar í rekstrarreikning með línulegum hætti á leigutímanum.

Gjaldfærð í ársreikningi er eignaleiga sem svarar til fjármagnskostnaðar og afskrifta á árinu vegna afnota af flutningsmannvirkjum raforkufyrirtækja. Leigugjaldið er undir eftirliti Orkustofnunar.

o. *Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld*

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gangvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning og gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum sem er færður í rekstrarreikning. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar skuldbindinga, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gangvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning og virðisrýmum fjáreigna.

p. *Tekjuskattur*

Tekjuskattur á afkomu ársins er frestaður tekjuskattur. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundins mismunar á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi.

Reiknuð skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Reiknaða skatteignin er metin á hverjum uppgjörssdegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki.

q. *Hagnaður á hlut*

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða gefið út breytanleg skuldabréf.

r. Starfsþáttayfirlit

Samkvæmt raforkulögum er félaginu einungis heimilt að annast flutning á raforku og kerfisstjórnun á Íslandi auk þess sem því er heimilt að starfrækja raforkumarkað. Félagið hefur ekki hafið starfrækslu raforkumarkaðar og lítur á núverandi starfsemi sem einn starfsþátt og því er ekki gert starfsþáttayfirlit.

s. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim

(i) Nýir reikningsskilastaðlar sem hafa ekki verið innleiddir og túlkanir á þeim.

Eftirfarandi reikningsskilastaðlar, breytingar á reikningsskilastöðlum og túlkanir á þeim hafa ekki tekið gildi í árslok 2008 og hafa ekki verið notuð við gerð þessa ársreiknings:

- *IFRS 8 Starfsþættir* segir til um hvernig félag skuli í reikningsskilum sínum gera grein fyrir upplýsingum er varða starfsþætti þess, vörur og þjónustu sem það selur, landsvæði þar sem það starfar og helstu viðskiptavinum þess. IFRS 8 gildir fyrir tímabil sem hefst 1. janúar 2009 eða síðar og mun ekki hafa veruleg áhrif á reikningsskil félagsins.
- Í endurbættum *IAS 1 Framsetning reikningsskila (2007)* er kynnt hugtakið heildarafkoma, sem samanstendur af breytingum á eigin fé, öðrum en breytingum vegna viðskipta við eigendur sem slíka. Heildarafkoma er heimilt að setja fram í einu yfirliti um heildarafkomu eða í tveimur yfirlitum þ.e. annars vegar rekstrarreikningi og hins vegar yfirliti um heildarafkomu. Endurbættur IAS 1 mun gilda um ársreikning félagsins 2009.
- Í endurbættum *IAS 23 Lántökukostnaður* er felld niður heimild til að gjaldfæra lántökukostnað og þess krafist að félög eignfæri lántökukostnað sem tengist beint kaupum, smíðum eða framleiðslu eignfærsluhæfrar eignar sem hluta af kostnaðarverði eignarinnar. Endurbættur IAS 23 mun gilda um ársreikning félagsins 2009 og fela í sér breytingar á reikningsskilaaðferðum þess. Ekki er gert ráð fyrir að breytingar hafi áhrif á fjárhagsstöðu félagsins.
- Endurbættur *IFRS 3 Sameiningar fyrirtækja (2008)* leiðir til breytinga sem munu líklega hafa áhrif á rekstur félagsins:
 - Skilgreiningin á rekstri hefur verið útvíkkuð, sem mun líklega leiða til þess að fleiri kaup verði skilgreind sem sameining fyrirtækja.
 - Skilyrtar greiðslur verða metnar á gangvirði og síðari breytingar þeirra færðar í rekstrarreikning.
 - Viðskiptakostnaður, annar en sá sem tilheyrir útgáfu verðbréfa, verður gjaldfærður þegar hann fellur til.
 - Þeir hlutir sem fjárfestir á áður en hann öðlast yfirtæki verða metnir á gangvirði á yfirtökudegi og hagnaður eða tap af þeim færður í rekstrarreikning.
 - Hlutdeild minnihluta verður metin annaðhvort á gangvirði eða sem hlutdeild í aðgreinanlegum eignum og skuldum yfirtækis rekstrar, miðað við hver kaup fyrir sig.Endurbættur IFRS 3 mun gilda um ársreikning félagsins fyrir árið 2010 verði hann samþykktur af Evrópusambandinu.
- Í endurbættum *IAS 27 Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil (2008)* er gerð krafa um að færa áhrif af breyttri eignarhlutdeild í dótturfélagi, sem felur ekki í sér breytingu á yfirtækum, sem eiginfjárbreytingu. Þegar félagið missir yfirtæki yfir dótturfélagi er hluturinn sem eftir verður í eigu félagsins metinn á gangvirði og hagnaður eða tap færð í rekstrarreikning. Endurbættur IAS 27 mun gilda um ársreikning félagsins fyrir árið 2010 verði hann samþykktur af Evrópusambandinu. Ekki er talið að innleiðing hans hafi veruleg áhrif á ársreikninginn.
- Í endurbættum *IFRS 2 Eignarhlutatengd greiðsla- ávinnskilyrði og ógilding (2008)* er hugtakið ávinnskilyrði skilgreint nánar. Gerð er krafa um að þau skilyrði sem ekki teljast ávinnskilyrði séu einnig hluti af gangvirði á samningsdegi. Verði endurbættur IFRS 2 samþykktur af Evrópusambandinu mun hann gilda um ársreikning félagsins fyrir árið 2009, með afturvirkri beitingu. Áhrif af innleiðingu staðalsins hafa ekki ennþá verið metin hjá félaginu.

Skýringar, frh.:

(i) *Nýir reikningsskilastaðlar sem hafa ekki verið innleiddir og túlkanir á þeim, frh.:*

- Í endurbættum IAS 32 *Fjármálagerningar: framsetning og IAS 1 Framsetning reikningsskila– innleysanlegir fjármálagerningar og skuldbindingar sem verða til við slit* er gerð sú krafa, að innleysanlegir fjármálagerningar og gerningar sem skylda einingu til að afhenda öðrum aðila hlutfallslegan hlut í hreinum eignum einingar eingöngu við slit séu flokkuð sem eigið fé, að því gefnu að tiltekin skilyrði séu uppfyllt. Verði endurbæturnar samþykktar af Evrópusambandinu, gilda þær um ársreikning félagsins fyrir árið 2009, með afturvirkri beitingu. Breytingin hefur ekki áhrif á ársreikninginn.
- Í endurbættum IAS 39 *Fjármálagerningar: skráning og mat– hæfir áhættuvarnarliðir* eru veittar nánari útskýringar á beitingu gildandi reikningsskilareglna sem taka til þess hvort tilteknar áhættur eða hluti sjóðstreymis eru talin hæf í áhættuvarnarsambandi. Verði endurbæturnar samþykktar af Evrópusambandinu, gilda þær um ársreikning félagsins fyrir árið 2010, með afturvirkri beitingu. Breytingin hefur ekki áhrif á ársreikninginn.
- *IFRIC 13 Tryggðarkerfi* fjallar um reikningsskil félaga sem reka, eða taka með öðrum hætti þátt í tryggðarkerfi fyrir viðskiptamenn sína. Það tengist tryggðarkerfum þar sem viðskiptamennirnir geta endurheimt inneign sína með afsláttum af vörum og þjónustu eða ókeypís vörum og þjónustu. IFRIC 13 sem gildir fyrir ársreikning félagsins 2009 mun væntanlega ekki hafa áhrif á ársreikninginn.
- *IFRIC 15 Samningar um byggingu fasteigna* gildir um skráningu tekna og tilheyrandi gjalda hjá einingum sem ráðast sjálfar í byggingu fasteigna eða með aðstoð undirverktaka. Verði IFRIC 15 samþykktur af Evrópusambandinu gildir túlkunin um ársreikning félagsins fyrir árið 2009 en mun ekki hafa nein áhrif á ársreikninginn.
- Í *IFRIC 17 Úthlutun eigna til eigenda, í öðru en reiðufé* eru veittar leiðbeiningar um skráningu, mat og uppgjör á skuldum vegna úthlutunar eigna til eigenda, sem ekki er í formi reiðufjár. Verði IFRIC 17 samþykkt af Evrópusambandinu mun hún gilda um ársreikning félagsins fyrir árið 2010. Túlkunin mun ekki hafa áhrif á ársreikninginn.

Ein túlkun, *IFRIC 12 Samningar um þjónustuúvilnun*, tók gildi fyrir árið 2008 en hefur ekki verið notuð við gerð þessa ársreiknings vegna þess að Evrópusambandið hefur ekki samþykkt hana ennþá.

4. Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaaðferðir og skýringar félagsins krefjast þess að gangvirði sé ákvarðað, bæði á fjáreignum og fjárskuldum og öðrum eignum og skuldum. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur gangvirðis eigna eða skulda í skýringum um viðkomandi eignir eða skuldir.

a. Afleiður

Gangvirði afleiða er byggt á skráðu markaðsvirði þeirra, ef til er. Ef markaðsverð er ekki til er gangvirðið fundið með viðurkenndum matsaðferðum.

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum á milli ótengdra aðila. Tekið er mið af verðmæti annarra fjármálagerninga sem eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir, stuðst við aðferðir til að meta núvirt fjárstreymi eða aðrar verðmatsaðferðir sem beita má til að meta með áreiðanlegum hætti raunverulegt markaðsverðmæti. Við beitingu matsaðferða eru notaðir allir þættir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjármálagerninga.

Skýringar, frh.:

Gangvirði afleiðusamninga sem ekki eru skráðir á virkum mörkuðum er ákvarðað með notkun matsaðferða, sem eru endurskoðaðar reglulega af hæfu óháðu starfsfólki. Öll matslíkön sem eru notuð þurfa að vera samþykkt og prófuð til að tryggja að niðurstöðurnar endurspegli þau gögn sem notuð voru.

Áreiðanlegasta sönnun á gangvirði afleiðusamninganna í upphafi er kaupverðið, nema gangvirði gerningsins sé sannanlegt með samanburði við önnur skráð og nýleg markaðsviðskipti á sama fjármálagerningi eða byggt á matsaðferð þar sem breytur byggjast eingöngu á markaðsgögnum. Þegar slík gögn eru fyrir hendi, færir fyrirtækið hagnað eða tap á upphaflegum skráningardegi gerninga.

Gangvirði vaxtaskiptasamninga er byggt á afvöxtuðu framtíðargreiðsluflæði grundvallað á ákvæðum og lokadegi hvers samnings og með því að nota markaðsvexti fyrir svipaða gerninga á þeim degi sem þeir eru verðmetnir.

b. Fjárskuldir sem ekki teljast afleiður

Gangvirði, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er reiknað núvirði framtíðarsjóðflæðis höfuðstóls og vaxta, afvaxtað með markaðsvöxtum á uppgjörstigi.

5. Stýring fjármálalegrar áhættu

Yfirlit

Eftirfarandi áhætta fylgir fjármálagerningum félagsins:

- Lánsáhætta
- Lausafjánhætta
- Markaðsáhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreinda áhættu, markmið, stefnu og aðferðir félagsins við að meta og draga úr áhættunni, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu þess. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víðar í ársreikningnum.

Stjórn félagsins ber að innleiða og hafa eftirlit með fjármálalegri áhættu félagsins. Stjórnin sækir ráðgjöf vegna fjármálalegrar áhættu bæði til starfsmanna félagsins og utankomandi ráðgjafa og ræðir reglulega á stjórnarfundum.

Markmið félagsins með virku eftirliti með fjármálalegri áhættu er að uppgötva og greina áhættuþætti tímanlega, greina þær áhættur sem félagið býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna félagsins og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi félagsins.

Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Um 87% af flutningstekjum félagsins verða til hjá hluthöfum félagsins.

Almennt eru viðskiptamenn félagsins fjárhagslega sterk orkufyrirtæki sem átt hafa viðskipti við félagið frá stofnun. Stærstu viðskiptamenn félagsins eru einnig hluthafar í félaginu. Frá stofnun Landsnets hefur félagið ekki tapað viðskiptakröfum og hafa forsvarsmenn þess metið lánsáhættu óverulega miðað við núverandi starfsemi. Reglulega er fylgst með innheimtumálum félagsins.

Skýringar, frh.:

Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hætta á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor félagsins.

Félagið hefur samið um ádráttarheimild hjá móðurfélagi sínu, Landsvirkjun, að fjárhæð allt að 15 milljörðum króna.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hætta á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði þess í fjármálagerningum. Markmið með stýringu markaðsáhattu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Félagið gerir vaxta- og gjaldeyrisskiptasamninga til að stýra markaðsáhattu félagsins og laga hana að myntsamsetningu tekna félagsins.

Gjaldmiðlagengisáhætta

Félagið býr við gengisáhattu vegna tekna, innkaupa og lántöku í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðli félagsins. Starfrækslugjaldmiðill félagsins er íslenskar krónur en hluti tekna félagsins er í bandarískum dollurum (USD) og hluti innkaupa í aðallega bandarískum dollurum (USD) og evrum (EUR). Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhattu eru bandarískir dollarar (USD), japönsk jen (JPY), svissneskir frankar (CHF) og evrur (EUR).

Félagið ver sig að jafnaði ekki fyrir gjaldmiðlagengisáhattu en metur reglulega myntsamsetningu skulda félagsins á móti myntsamsetningu tekna.

Lántaka félagsins í erlendum gjaldmiðlum, einkum bandarískum dollurum (USD), japönskum jenum (JPY) og svissneskum frönskum (CHF) myndar gengisáhattu sem er að hluta til varin með tekjuflæði félagsins. Vextir af þessum lánnum eru lægri en af lánnum sem félagið tekur í íslenskum krónum.

Vaxtaáhætta

Lántökur félagsins eru bæði með breytilegum og föstum vöxtum. Stærstur hluti lána félagsins ber fasta innlenda vexti samanber skýringu nr. 21.

Önnur markaðsáhætta

Önnur markaðsáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum eru óverulegur hluti af starfsemi félagsins.

Eiginfjárfstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða þess sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar. Í rekstraráætlun 2009 er gert ráð fyrir að eiginfjárhlutfall félagsins verði um 20% í árslok 2009.

Félaginu ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarkseiginfjárfstöðu.

6. Rekstrartekjur

Tekjur af flutningi raforku greinast þannig:

	2008	2007
Orkuflutningur	8.990.365	4.720.143
Flutningstap og kerfisþjónusta	1.680.689	1.332.931
Innmötunargjald	72.760	826.956
	<u>10.743.814</u>	<u>6.880.030</u>

Skýringar, frh.:

7. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig:

	2008	2007
Verksölu- og húsaleigutekjur	108.897	83.179

8. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	813.133	760.719
Iðgjaldatengdar lífeyrissjóðsgreiðslur	93.857	88.282
Réttindatengdar lífeyrissjóðsgreiðslur	21.712	15.277
Önnur launatengd gjöld	64.365	58.401
	<u>993.067</u>	<u>922.679</u>

Laun og launatengd gjöld skiptast þannig:

Rekstur flutningskerfis	442.226	427.624
Kerfisstjórn	314.579	323.415
Annar rekstrarkostnaður	236.262	171.640
Stöðugildi að meðaltali	96	94
Stöðugildi í árslok umreiknuð í heilsársstörf	90	84

Laun stjórnar, forstjóra og tveggja framkvæmdastjóra voru sem hér segir:

Laun stjórnar	6.240	3.640
Laun og hlunnindi forstjóra	19.166	19.139
Laun tveggja framkvæmdastjóra	32.021	28.569

9. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:

Afskrift varanlegra rekstrarfjármuna, sbr. 12. skýringu	1.860.562	1.187.580
Niðurfærsla og virðisrymun óefnislegra eigna, sbr. 12. skýringu	39.341	19.766
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	<u>1.899.903</u>	<u>1.207.346</u>

Afskriftir skiptast þannig í rekstrarreikningi:

Rekstur flutningskerfis	1.751.480	1.088.654
Kerfisstjórn	61.248	58.592
Annar rekstrarkostnaður	87.175	60.100
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	<u>1.899.903</u>	<u>1.207.346</u>

Skýringar, frh.:

10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

<i>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:</i>	2008	2007
Vaxtatekjur	118.477	46.055
Gangvirðisbreytingar afleiðusamninga	1.073.891	0
Fjármunatekjur samtals	<u>1.192.368</u>	<u>46.055</u>
Vaxtagjöld	(2.095.549)	(2.090.692)
Verðbætur	(4.036.402)	(1.656.052)
Gengismunur	(15.408.950)	(387.854)
Gangvirðisbreytingar afleiðusamninga	0	(210.129)
Eignfærðir vextir vegna flutningsvirkja í byggingu	184.905	1.054.201
Fjármagnsgjöld samtals	<u>(21.355.997)</u>	<u>(3.290.526)</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	<u>(20.163.628)</u>	<u>(3.244.471)</u>

Fjármagnskostnaður vegna bygginga á flutningsvirkjum að fjárhæð 185 milljónir króna, er eignfærður og hefur verið færður til lækkunar á fjármagnsgjöldum.

Eignfærður fjármagnskostnaður nam 12,2% af bundnu fé í flutningsvirkjum í byggingu á árinu (2007: 10,9%).

11. Tekjuskattur

Í maí 2008 samþykkti Alþingi lækkingu á tekjuskattshlutfalli úr 18% í 15% frá og með 1. janúar 2008 og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu ársins 2009. Vegna þessa hefur skatteign félagsins lækkað um 38 milljónir miðað við 31. desember 2007. Áhrifin eru gjaldfærð í rekstrarreikningi félagsins.

<i>Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:</i>	2008	2007
Reiknaður tekjuskattur ársins	2.248.485	175.252
Áhrif lækkunar á tekjuskattshlutfalli úr 18% í 15%	(38.227)	0
Tekjufærður tekjuskattur í rekstrarreikningi	<u>2.210.258</u>	<u>175.252</u>

Tekjuskattur færður á eigin fé:

Tekjuskattsskuldbinding vegna endurmats fastafjármuna	<u>2.659.033</u>	<u>0</u>
---	------------------	----------

Breyting reiknaðrar skatteignar/skattskuldbindingar greinist þannig:

Breyting á tímabundnum mismun	(97.259)	(301.370)
Breyting á yfirfæranlegu tapi	2.345.744	476.622
Lækkun vegna breytinga á skattprósentu úr 18% í 15%	(38.227)	0
Tekjuskattsskuldbinding vegna endurmats fastafjármuna	(2.659.033)	0
Breyting reiknaðrar skatteignar/skattskuldbindingar færð í rekstrarreikningi	<u>(448.775)</u>	<u>175.252</u>

Afstemming á virku skatthlutfalli

	2008		2007	
Tap án tekjuskatts	(14.989.903)		(973.704)	
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	15,0%	2.248.485	18,0%	175.266
Ófrádráttarbær kostnaður og aðrir liðir	0,0%	0	(0,0%)	(13)
Lækkun vegna breytinga á skattprósentu	(0,3%)	(38.227)	0,0%	0
Virkur tekjuskattur	14,7%	<u>2.210.258</u>	18,0%	<u>175.252</u>

12. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

Fastafjármunir í rekstri:

	Tengivirki	Háspennu- línur	Aðrir fasta- fjármunir	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1.1.2007	11.506.249	18.036.270	1.940.096	31.482.615
Viðbætur á árinu	1.344.198	1.709.486	385.379	3.439.063
Flutt af flutningsvirki í byggingu	3.162.389	8.507.129	0	11.669.518
Selt og aflagt	0	0	(6.943)	(6.943)
Staða 31.12.2007 og 1.1.2008	16.012.836	28.252.885	2.318.532	46.584.253
Endurmat	3.311.377	16.027.312	0	19.338.689
Viðbætur á árinu	664.892	258.444	380.741	1.304.077
Selt og aflagt	0	0	(1.479)	(1.479)
Staða 31.12.2008	19.989.105	44.538.641	2.697.794	67.225.540
Afskriftir og virðisrýrnun				
Staða 1.1.2007	430.230	643.080	89.904	1.163.214
Afskriftir ársins	461.124	615.347	111.112	1.187.583
Selt og aflagt	0	0	(2.649)	(2.649)
Staða 31.12.2007 og 1.1.2008	891.354	1.258.427	198.367	2.348.148
Endurmat	280.559	1.331.240	0	1.611.799
Afskriftir ársins	622.514	1.115.426	122.622	1.860.562
Selt og aflagt	0	0	(472)	(472)
Staða 31.12.2008	1.794.427	3.705.093	320.517	5.820.037

Fastafjármunir í rekstri greinast þannig:

	Tengivirki	Háspennu- línur	Aðrir fasta- fjármunir	Samtals
Bókfært verð				
1.1.2007	11.076.019	17.393.190	1.850.192	30.319.401
31.12.2007 og 1.1.2008	15.121.482	26.994.458	2.120.165	44.236.105
31.12.2008	18.194.678	40.833.548	2.377.277	61.405.502

Bókfært verð tengivirkja og háspennulína án endurmats hefði numið 41.683 millj. kr. í árslok 2008 samanboreið við 59.028 millj. kr. með endurmati.

Skýringar, frh.:

12. Rekstrarfjármunir, frh.

Forsendur endurmats fastafjármuna í rekstri

Í samræmi við heimild í alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 16 eru línur og tengivirki félagsins færð samkvæmt endurmatsaðferð (e. revaluation method). Á árinu var endurmat framkvæmt miðað við ársbyrjun og árslok. Ástæða þessa er að forsendur tekna félagsins breyttust verulega innan ársins og var það mat stjórnenda að eðlilegt væri að skoða áhrif breyttra forsendna á endurmatsverð flutningsnetsins. Við endurmatið er beitt tvenns konar aðferðafræði. Annars vegar var litið til áætlaðs endurbyggingarvirðis flutningskerfisins en það var metið af óháðum sérfræðingum í ársbyrjun 2008 og framreiknað til ársloka 2008. Hins vegar var lagt mat á rekstrarvirði með sjóðstreymisgreiningu. Matstímabilið var frá 2009 til 2013 og eftir það reiknað framtíðarvirði rekstrar. Endurmat ársins byggðist á rekstrarvirði og voru helstu forsendur þess rekstraráætlanir félagsins 2009–2013, eiginfjárlutfall 30%, gjaldskrá Landsnets fyrir flutning til dreifiveitna fylgdi verðlagsþróun á Íslandi, en að gjaldskrá félagsins fyrir flutning til stórnótenda fylgi verðlagsbreytingum í Bandaríkjunum og við mat á WACC var tekið mið af sambærilegum fyrirtækjum erlendis.

Fasteignamat og vátryggingarverð

Fasteignamat þeirra eigna fyrirtækisins sem metnar eru í fasteignamati nemur rúmum 3,3 milljörðum króna. Brunabótamat sömu eigna nemur um 4,9 milljörðum króna. Vátryggingafjárhæð eigna fyrirtækisins nemur 28,8 milljörðum króna, annarra en háspennulína og strengja sem tryggð eru með viðlagatryggingu. Félagið er með viðlagatryggingu að fjárhæð 75,3 milljarðar króna.

Óefnislegar eignir og flutningsvirki í byggingu:

	Óefnislegar eignir	Flutn.virki í byggingu
<i>Kostnaðarverð</i>		
Staða 1.1.2007	221.897	9.833.104
Viðbætur á árinu	355.638	3.342.420
Flutt af flutningsvirki í byggingu	0	(11.669.518)
Staða 31.12.2007 og 1.1.2008	577.535	1.506.006
Viðbætur á árinu	1.204.552	275.605
Staða 31.12.2008	1.782.087	1.781.611
<i>Afskriftir og virðisrýrnun</i>		
Staða 1.1.2007	6.167	0
Niðurfærsla ársins	18.499	
Afskriftir ársins	1.266	0
Selt og aflagt	0	0
Staða 31.12.2007 og 1.1.2008	25.932	0
Niðurfærsla ársins	39.341	0
Staða 31.12.2008	65.273	0
<i>Bókfært verð</i>		
1.1.2007	215.730	9.833.104
31.12.2007 og 1.1.2008	551.603	1.506.006
31.12.2008	1.716.814	1.781.611

Bókfært verð óefnislegra eigna í árslok 2008 skiptist þannig að hugbúnaður er bókfærður á 235 millj. kr. og eignfærður undirbúningskostnaður er bókfærður á 1.482 millj. kr.

Skýringar, frh.:

13. Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	2008		2007	
	Eignarhlutur	Bókfært verð	Eignarhlutur	Bókfært verð
Landsnet ehf.	100,00%	500	100,00%	500
Netorka ehf.	37,18%	48.332	37,18%	41.095
Eignarhlutir í félögum samtals		<u>48.832</u>		<u>41.595</u>

Eignarhlutur félagsins í Landsneti ehf. er færður á kostnaðarverði þar sem enginn rekstur hefur verið í félaginu frá stofnun. Við gerð ársreiknings Landsnets hf. lá ársreikningur Netorku ehf. ekki fyrir en áætluð hlutdeild félagsins í afkomu Netorku ehf. er jákvæð um 7 mkr. á árinu 2008 (2007: neikvæð um 5 mkr. 2007).

14. Reiknuð skatteign/tekjuskattskuldbinding

Reiknuð skatteign félagsins greinist þannig:

	2008	2007
Reiknuð skatteign 1. janúar	229.363	54.110
Reiknaður tekjuskattur ársins	2.210.258	175.253
Endurmat flutningskerfis	(2.659.033)	0
Reiknuð skatteign/skattskuldbinding 31. desember	<u>(219.412)</u>	<u>229.363</u>

Reiknuð skatteign/tekjuskattskuldbinding greinist þannig í árslok:

Varanlegir rekstrarfjármunir	(2.606.646)	(487.367)
Óefnislegar eignir	(57.206)	(12.333)
Eignarhlutir í félögum	(275)	973
Aðrar skuldbindingar	(38.233)	80.488
Yfirfæranlegt skattalegt tap	<u>2.482.948</u>	<u>647.602</u>
Reiknuð skatteign/tekjuskattskuldbinding 31. desember	<u>(219.412)</u>	<u>229.363</u>

Yfirfæranlegt skattalegt tap félagsins nemur 16,5 milljörðum króna. Tapið er nýtanlegt á móti skattskyldum tekjum í tíu ár frá því það fellur til. Það er mat stjórnenda að rekstur félagsins á næstu árum muni skapa skattskyldar tekjur og áunnið yfirfæranlegt skattalegt tap muni nýtast að fullu. Á árinu 2008 fékkst heimild til að lækka skattalegar fyringar flutningskerfisins afturvirkir og hefur því yfirfæranlegt tap árána 2006 og 2007 verið lækkað sem nemur þeirri breytingu. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok 2008 verður nýtanlegt sem hér segir:

Tap ársins 2006, nýtanlegt til ársins 2016	4.731	949.881
Tap ársins 2007, nýtanlegt til ársins 2017	909.954	2.647.908
Tap ársins 2008, nýtanlegt til ársins 2018	<u>15.638.302</u>	
Ójafnað skattalegt tap samtals	<u>16.552.987</u>	<u>3.597.789</u>

Skýringar, frh.:

15. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

	2008	2007
Varahlutir og efnisbirgðir	480.439	302.331

16. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur:

Viðskiptakröfur	833.572	710.677
Aðrar skammtímakröfur	19.449	14.606
	<u>853.021</u>	<u>725.283</u>

17. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:

	2008	2007
Óbundnar innstæður	2.700.681	984.259

18. Eigið fé

Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 5.903 millj. kr. í árslok. Félagið á engin eigin bréf. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Allt hlutfé félagsins hefur verið greitt.

Endurmatsreikningur

Endurmatsreikningur félagsins samanstendur af endurmatshækkun fastafjármuna félagsins að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning og millifærðar af endurmatsreikningi á ójafnað tap.

Endurmatsreikningi félagsins er ekki heimilt að ráðstafa sem arði til hluthafa félagsins.

Arður

Félagið greiddi ekki út arð á árinu 2008 vegna rekstrarársins 2007.

19. Tap á hlut

2008 2007

Grunntap og þynnt tap á hlut:

Tap til hluthafa (12.779.646) (798.452)

Vegið meðaltal hlutabréfa

Hlutir 1. janúar 2008	5.902.733	5.502.733
Nýtt hlutfé	0	111.111
Vegið meðaltal útistandandi hluta þann 31.12.2008	<u>5.902.733</u>	<u>5.613.844</u>
Grunntap og þynnt tap á hlut	(2,17)	(0,14)

Skýringar, frh.:

20. Vaxtaberandi skuldir

Hér eru upplýsingar um sammingsbundin lánskjör af lántökum félagsins, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði. Frekari upplýsingar um vaxtaáhættu og gjaldmiðlagengisáhættu eru veittar í skýringu 24.

	31.12.2008	31.12.2007
Langtímaskuldir		
Verðtryggt skuldabréfalán frá móðurfélagi í íslenskum krónum, vextir 4,21%	34.808.942	29.915.095
Lánasamningur í svissneskum frönkum (CHF), Libor + álag	6.676.851	3.238.789
	<u>41.485.793</u>	<u>33.153.884</u>

Skuldabréfalánið er verðtryggt kúlulán með lokagjalddaga árið 2020 og vaxtagjalddaga einu sinni á ári. Lánasamningur er í svissneskum frönkum og hvert vaxtatímabil 6 mánuðir.

Skammtímaskuldir

Skammtímalán frá móðurfélagi	14.673.803	5.031.260
Víxilskuld	0	3.466.002
Vaxtaberandi skuldir samtals	<u>14.673.803</u>	<u>8.497.262</u>
Vaxtaberandi skuldir samtals	<u>56.159.596</u>	<u>41.651.146</u>

Skilmálar vaxtaberandi skulda

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:

	Nafnvextir	Lokagjalddagi	31.12.2008		31.12.2007	
			Nafnverð	Bókfært verð	Nafnverð	Bókfært verð
Skuldir í CHF	3,10%	2022	6.676.851	6.676.851	3.238.789	3.238.789
Skuldir í CHF	4,50%	2008–2009	3.556.943	3.556.943	1.713.060	1.713.060
Skuldir í JPY	2,70%	2008–2009	2.018.412	2.018.412	832.200	832.200
Skuldir í USD	4,0–5,7%	2008–2009	9.098.448	9.098.448	5.952.002	5.952.002
			<u>21.350.654</u>	<u>21.350.654</u>	<u>11.736.051</u>	<u>11.736.051</u>

Skuldir í íslenskum krónum:

Verðtryggðar	4,2%	2020	<u>34.808.942</u>	<u>34.808.942</u>	<u>29.915.095</u>	<u>29.915.095</u>
Vaxtaberandi skuldir í efnahagsreikningi samtals			<u>56.159.596</u>	<u>56.159.596</u>	<u>41.651.146</u>	<u>41.651.146</u>

Afborganir greinast þannig á næstu ár:

Árið 2012					31.12.2008	31.12.2007
Árið 2013					333.843	161.939
Síðar					667.685	323.879
					<u>40.484.265</u>	<u>32.668.066</u>
					<u>41.485.793</u>	<u>33.153.884</u>

Skýringar, frh.:

21. Skuldbinding vegna niðurrifs

Breyting skuldbindingar vegna niðurrifs greinist þannig:

	2008	2007
Staða 1.1.	447.154	420.441
Núvirðing ársins	28.568	26.713
Staða 31.12.	<u>475.722</u>	<u>447.154</u>

Í samræmi við staðal IAS 16 skal stofnverð varanlegra rekstrarfjármuna innifela áætlaðan kostnað við niðurrif þeirra að lokinni notkun. Áætlaður niðurrifskostnaður lína hefur verið metinn og síðan núvirtur byggt á forsendum um endingartíma. Á móti hefur verið færð upp skuldbinding meðal langtímaskulda. Í gegnum rekstrarreikning er færð til gjalda hækkun á skuldbindingunni vegna núvirðingar auk afskrifta á niðurrifskostnaði.

Engin ný flutningsvirki voru tekin í notkun á árinu 2008.

22. Afleiðusamningar

Félagið er með afleiðusamning við Kaupþing banka hf., sem var yfirtekinn af íslenska ríkinu í október 2008. Um er að ræða fimm ára samning sem felur í sér skipti á verðtryggðum íslenskum krónum annars vegar og dollurum á lokatímabili samningsins hins vegar auk vaxta sem falla til á samningstímabilinu. Samningurinn gildir frá lokum nóvember 2007 til marsmánaðar 2013. Kaupþing banki hf. greiðir verðtryggðar krónur og Landsnet greiðir USD. Í árslok er töluverð óvissa um hvort bankinn geti uppfyllt samningsbundar skyldur sínar í samræmi við samninginn sem bæði gæti haft áhrif á flokkun hans meðal skulda og fjárhæð skuldarinnar því er óvissa um endanlegt uppgjör samningsins. Samningurinn er færður til skuldar á gangvirði í árslok 2008 í samræmi við skilmála og eru höfuðstólsgreiðslan og vaxtagreiðslur eftir 1. janúar 2010 færðar meðal langtímaskulda en samningsbundin greiðsla 2009 er færð meðal skammtímaskulda. Heildaráhrif þessa samnings í rekstrarreikningi er gjaldfærsla að fjárhæð 2,8 milljarðar króna meðal fjármagnskostnaðar og skiptist hún á gangvirðisbreytingu afleiðusamninga, vaxtagjöld og gengismun.

23. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins reiknar í lok hvers árs þá áföllnu lífeyrisskuldbindingu sem myndast hefur á því ári. Tryggingafræðilegt mat miðast við að áfallin skuldbinding vegna ársins sé reiknuð til núvirðis í árslok með þeim ársvöxtum, sem almennt eru notaðir við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða, nú 3,5%.

24. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	2008	2007
Viðskiptaskuldir	941.144	661.506
Víxilskuld	0	3.466.002
Aðrar skammtímaskuldir	181.441	185.704
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	<u>1.122.585</u>	<u>4.313.212</u>

Skýringar, frh.:

25. Fjármálagerningar

Lánsáhætta

Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu

Mesta mögulega tap félagsins vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

	2008	2007
Kröfur á tengd félög	396.605	354.589
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	853.021	725.283
Handbært fé	2.700.681	984.259
Afleiðusamningar	0	369.732
	<u>3.950.307</u>	<u>2.433.863</u>

Mikilvægustu viðskiptamenn félagsins eru innlend orkufyrirtæki. Í árslok námu kröfur á þau 1.398 millj. kr. að meðtalinni kröfu á móðurfélagið Landsvirkjun, að fjárhæð 680 millj. kr. sem færð er á móti skuld félagsins í efnahagsreikningi.

Virðisrýrnun

Engin virðisrýrnun er færð vegna viðskiptakrafna í árslok né gjaldfærðar tapaðar kröfur á árinu og byggist það á mati og reynslu stjórnenda.

Lausafjárahætta

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

31. desember 2008	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðstreymi	Innan árs	Eftir 1–2 ár	Eftir 2–5 ár	Eftir 5 ár
Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður:						
Skuldir við						
tengd félög	50.622.545	69.880.509	17.323.450	3.019.694	4.529.541	45.007.824
Langtímaskuldir	6.676.851	9.503.651	155.119	94.052	1.028.167	8.226.312
Viðskiptask. og aðrar skammtímaskuldir	1.122.585	1.122.585	1.122.585	0	0	0
	<u>58.421.981</u>	<u>80.506.745</u>	<u>18.601.154</u>	<u>3.113.746</u>	<u>5.557.708</u>	<u>53.234.136</u>
Fjárskuldir sem eru afleiður:						
Gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningar:						
Útstreymi	(9.215.302)	(9.980.764)	(91.108)	(17.507)	(9.872.149)	0
Innstreymi	6.223.677	7.201.656	250.467	500.933	6.450.256	0
	<u>(2.991.625)</u>	<u>(2.779.109)</u>	<u>159.359</u>	<u>483.426</u>	<u>(3.421.893)</u>	<u>0</u>

Skýringar, frh.:

25. Fjármálagerningar frh.:

31. desember 2007	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðstreymi	Innan árs	Eftir 1–2 ár	Eftir 2–5 ár	Eftir 5 ár
Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:						
Skuldir við tengd félög	35.949.511	52.322.042	7.293.841	1.259.426	3.778.275	39.990.500
Langtímaskuldir	3.238.788	4.206.842	87.619	101.120	463.372	3.554.732
Viðskiptask. og aðrar skammtímaskuldir	4.313.212	4.313.212	4.313.212	0	0	0
	<u>43.501.511</u>	<u>60.842.096</u>	<u>11.694.672</u>	<u>1.360.546</u>	<u>4.241.647</u>	<u>43.545.232</u>

Fjárskuldir sem eru afleiður:

Gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningar:

Útstreymi	(4.767.674)	(5.838.809)	(215.954)	(134.124)	(371.755)	(5.111.932)
Innstreymi	4.402.027	6.162.166	65.962	212.020	636.060	5.248.125
	<u>(365.647)</u>	<u>323.357</u>	<u>(149.992)</u>	<u>77.896</u>	<u>264.305</u>	<u>136.193</u>

Gjaldmiðlagengisáhætta

Áhætta félagsins vegna erlendra gjaldmiðla var sem hér segir í nafnverðsfjárhæðum:

31. desember 2008	EUR	CHF	USD	NOK	SEK	JPY
Viðskiptakr. og aðrar skammtímakröfur			675.784			
Skuld við tengd félög	(3.556.943)	(9.098.448)				(2.018.412)
Skuld við tengd félög		(6.676.851)				
Aðrar langtímaskuldir						(9.764.725)
Afleiðusamningar						
Viðskiptask. og aðrar skammtímaskuldir	(26.016)	(157.187)	(4.330)	(2.037)	(8.210)	
Áhætta í efnahagsreikningi	<u>(26.016)</u>	<u>(10.390.981)</u>	<u>(18.191.719)</u>	<u>(2.037)</u>	<u>(8.210)</u>	<u>(2.018.412)</u>

Á árinu 2009 er áætlað að um 70% flutningstekna félagsins verði í bandarískum dollurum (USD) en innkaup aðallega í íslenskum krónum (ISK) og evrum (EUR).

31. desember 2007	EUR	CHF	USD	NOK	SEK	JPY
Viðskiptakr. og aðrar skammtímakröfur			77.786	431		
Skuld við tengd félög	(1.722.063)	(2.070.918)				(834.141)
Skuld við tengd félög		(3.238.789)				
Aðrar langtímaskuldir						(5.044.277)
Afleiðusamningar						
Viðskiptask. og aðrar skammtímaskuldir	(4.354)	(19.259)	(6.266)	(3.612)		
Áhætta í efnahagsreikningi	<u>(4.354)</u>	<u>(4.980.111)</u>	<u>(7.043.675)</u>	<u>(3.181)</u>	<u>0</u>	<u>(834.141)</u>

Skýringar, frh.:

25. Fjármálagerningar frh.:

Gjaldmiðlaáhætta

	Meðalgengi		Árslokagengi	
	2008	2007	2008	2007
EUR	127,46	87,60	169,97	91,45
CHF	80,69	53,34	113,92	55,26
JPY	0,87	0,54	1,34	0,55
USD	88,07	64,02	120,87	62,15

Næmnigreining

Styrking íslensku krónunnar um 10% gagnvart eftirtöldum gjaldmiðlum 31. desember hefði hækkað (lækkað) afkomu félagsins eftir tekjuskatt um eftirfarandi fjárhæðir. Greiningin byggist á að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2007.

	2008	2007
EUR	2.211	357
CHF	883.233	408.369
JPY	171.565	68.400
USD	1.499.595	543.474

Veiking íslensku krónunnar um 10% gagnvart framangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist óbreyttar.

Vaxtaáhætta

Vaxtaberandi fjármálagerningar félagsins í árslok greinast þannig:

	Bókfært verð	
	2008	2007
Fjármálagerningar með breytilega vexti		
Fjárskuldir	18.396.457	8.270.049
Afleiðusamningar	2.991.625	196.354
	<u>21.388.082</u>	<u>8.466.403</u>
Fjármálagerningar með fasta vexti		
Fjárskuldir	34.808.942	29.915.095

Skýringar, frh.:

25. Fjármálagerningar frh.:

Vaxtaáhætta

Næmnigreining sjóðstreymis vegna fjármálagerninga með fasta vexti

Skuldir félagsins sem eru með fasta vextir eru kúlulán með einni afborgun árið 2020 og eru ekki færðar á gangvirði. Því eiga vaxtabreytingar á uppgjörstigi ekki að hafa áhrif á rekstrareikning félagsins.

Næmnigreining sjóðstreymis vegna fjármálagerninga með breytilega vexti

Breyting á vöxtum á uppgjörstigi um 100 punkta myndi hækka (lækka) afkomu um neðangreindar fjárhæðir eftir tekjuskatt. Þessi greining byggist á þeirri forsendu að allar aðrar breytur, sérstaklega gengi erlendra gjaldmiðla, haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2007.

	Afkoma		Eigið fé	
	100 punkta hækkun	100 punkta lækkun	100 punkta hækkun	100 punkta lækkun
31. desember 2008				
Fjármálagerningar með breytilega vexti	(110.815)	110.815	(110.815)	110.815
Næmni sjóðstreymis (nettó)	(110.815)	110.815	(110.815)	110.815
31. desember 2007				
Fjármálagerningar með breytilega vexti	(23.270)	23.270	(23.270)	23.270
Næmni sjóðstreymis (nettó)	(23.270)	23.270	(23.270)	23.270

Gangvirði

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Gangvirði og bókfært verð fjáreigna og fjárskulda í efnahagsreikningi greinist þannig:

	31. desember 2008		31. desember 2007	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Lán og kröfur	1.249.626	1.249.626	1.079.872	1.079.872
Handbært fé	2.700.681	2.700.681	984.259	984.259
Skuldir við tengd félög, langtíma	34.808.942	35.555.121	29.915.096	25.649.462
Afleiðusamningur, skuld	2.991.625	2.991.625	365.647	365.647
Aðrar langtímaskuldir	6.676.851	6.676.851	3.238.789	3.238.789
Skuldir við tengd félög, skammtíma	15.813.603	15.813.603	6.034.415	6.034.415
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	1.122.585	1.122.585	4.313.212	4.313.212
	<u>65.363.913</u>	<u>66.110.092</u>	<u>45.931.290</u>	<u>41.665.656</u>

Skýringar, frh.:

26. Fjáreignir og fjárskuldir

Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda

Eftirfarandi tafla sýnir flokkun félagsins á fjáreignum og fjárskuldum og gangvirði þeirra (fyrir utan áfallna vexti).

	Fjáreignir og fjársk. tilgreindar á gangvirði	Fjáreignir til sölu	Lán og kröfur	Fjárfestingar til gjalddaga	Bókfært virði
31. desember 2008					
Fjárfesting í dótturfélagi		500			500
Kröfur á tengd félög			396.605		396.605
Viðskiptakröfur og aðrar skammt.kr.			853.021		853.021
Handbært fé			2.700.681		2.700.681
	0	500	3.950.307	0	3.950.807
Skuldir við tengd félög			50.622.545		50.622.545
Afleiðusamningar	2.991.625				2.991.625
Viðskiptask. og aðrar skammtímask.			1.122.584		1.122.584
	2.991.625	0	51.745.129	0	54.736.754
31. desember 2007					
Fjárfesting í dótturfélagi		500			500
Afleiðusamningar	369.732				369.732
Kröfur á tengd félög			354.589		354.589
Viðskiptakröfur og aðrar skammt.kr.			725.283		725.283
Handbært fé			984.259		984.259
	369.732	500	2.064.131	0	2.434.363
Skuldir við tengd félög			35.949.510		35.949.510
Afleiðusamningar			365.647		365.647
Viðskiptask. og aðrar skammtímask.			4.313.212		4.313.212
	0	0	40.628.369	0	40.628.369

27. Rekstrarleiga

Félagið sem leigutaki

Félagið er með á leigu hluta af flutningsvirkjum innlendra orkufyrirtækja. Leigusamningarnir eru ótímasettir og er útreikningur leiguverðs undir eftirliti Orkustofnunar.

28. Aðrar upplýsingar

Félagið er aðili að tveimur matsmálum sem rekin eru fyrir Héraðsdómi Austurlands. Matsmálin tengjast fjárhæð eignarnámsbóta vegna framkvæmda við Fljótsdalslínu 3 og 4 en félagið undi ekki niðurstöðum matsnefndar eignarnámsbóta. Niðurstaða úr matsmálunum lá fyrir í lok desember 2007 og var hún í meginráttum í samræmi við niðurstöður matsnefndar eignarnámsbóta. Málsaðilar hafa ekki enn ákveðið hvort samið verði um greiðslur eða hvort mál verði höfðað fyrir dómstólum til að fá úrlausn ágreiningsins. Í árslok 2008 hafði Landsnet hf. greitt viðkomandi landeigendum stóran hluta þeirrar fjárhæðar sem matsnefnd eignarnámsbóta taldi að félagið skyldi greiða. Er það mat stjórnenda að mögulegar viðbótargreiðslur muni ekki nema verulegum fjárhæðum. Niðurstöður þessara matsmála geta haft áhrif á fjárhæð bótagreiðslna til annarra sem ekki voru aðilar að umræddum málum.

Í samræmi við ákvæði 12. gr. raforkulaga 2006 nr. 65 ber félaginu að taka tillit til þess ef tenging nýrra virkjana eða stórnotenda við flutningskerfið veldur auknum tilkostnaði annarra notenda kerfisins og með sama hætti taka tillit til þess ef tenging hefur í för með sér hagkvæmari uppbyggingu eða nýtingu flutningskerfisins. Í lok árs 2007 tók félagið í notkun Fljótdalslínu 3 og 4 og tilheyrandi tengivirki. Ekki hefur farið fram uppgjör vegna viðkomandi stórnotanda en félagið þarf að greiða svokallað kerfisframlag þar sem umrædd flutningsvirki munu leiða til hagkvæmari uppbyggingar og nýtingar flutningskerfisins. Í árslok 2008 liggur ekki fyrir um hve háa fjárhæð er að ræða en áætluð fjárhæð vegna ársins 2008 hefur verið færð í ársreikninginn.

29. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Móðurfélag, dótturfélag, hlutdeildarfélag, stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra í eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Viðskipti við lykilstjórnendur

(i) Greiðslur til lykilstjórnenda

Auk þess að þiggja laun njóta forstjóri og framkvæmdarstjórar félagsins ýmissa hlunninda, auk framlags í réttindatengda lífeyrissjóði. Laun stjórnenda má sjá í skýringu nr. 8.

Önnur viðskipti við tengda aðila

	Fjárhæðir á árinu	
	2008	2007
<i>Sala á vöru og þjónustu:</i>		
Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess	6.165.357	2.983.721
<i>Kostnaður:</i>		
Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess	1.819.634	1.520.093
Hlutdeildarfélag Landsnets	977	866

Skýringar, frh.:

30. Kennitölur

Helstu kennitölur félagsins:

Rekstur:	2008	2007
EBITDA	7.066.391	3.483.518
Efnahagur:	31.12.2008	31.12.2007
Veltufjárhlutfall – veltufjármunir/skammtímaskuldir	0,26	0,26
Eiginfjárhlutfall – eigið fé/heildarfjármagn	10,5%	10,1%
Arðsemi eigin fjár	(92,0%)	(14,5%)